

Fundargerð

**Stjórn VJP - 134. fundur stjórnar VJP haldinn í Mývatnssveit og fjarfundi,
14. október 2019, kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Anton Freyr Birgisson varaformaður svæðisráðs, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir aðalmaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Smáradóttir sérfræðingur á skrifstofu.

1. Svæðisráð suðursvæðis - 72 - 1909003F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis

2. Svæðisráð suðursvæðis - 73 - 1910007F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis

3. Svæðisráð norðursvæðis - 61 - 1909001F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis

4. Svæðisráð norðursvæðis - 62 - 1910003F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

5. Svæðisráð norðursvæðis - 63 - 1910004F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis

6. Svæðisráð vestursvæðis - 77 - 1910001F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis

7. Svæðisráð austursvæðis - 93 - 1910002F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

8. Rekstur 2019 - 1908028

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu reksturs VJP þar sem af er 2019.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 14:00

Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri þjóðgarðsins. Sérstök framlög hafa borist seint frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu en að öðru leiti er reksturinn í jafnvægi.

9. Rekstraráætlun 2020 - 1909023

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um gerð rekstraráætlunar 2020.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 14:15

Fjármálastjóri kynnti vinnu sem fram hefur farið við gerð rekstraráætlunar 2020 sem byggist á góðu samstarfi stjórnenda þjóðgarðsins. Fjárlagafrumvarp 2020 var birt þann 5. september sl. og byggist tillaga að rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs vegna ársins 2020 á þeim forsendum sem þar koma fram varðandi rekstur og framkvæmdir. Tillaga að rekstraráætlun hefur þegar verið kynnt fyrir svæðisráðum þjóðgarðsins. Stjórn vill koma á framfæri þökkum fyrir góða vinnu stjórnenda Vatnajökulsþjóðgarðs

við gerð rekstraráætlunar vegna ársins 2020. Tillaga stjórnar varðandi lykiltölur í rekstraráætlun Vatnajökulspjóðgarðs á árinu 2020 eru eftirtaldar:

Rekstrarútgjöld:

Laun og launatengd gjöld: 578 milljónir

Önnur gjöld: 350 milljónir

Fjárfestingar almennt: 167 milljónir

Fjárfestingar Innviðasjóður: 368 milljónir

Rekstrartekjur:

Ríkisframlag rekstur: 594 milljónir

Ríkisframlag til fjárfestinga, almennt: 167 milljónir

Sértekjur: 335 milljónir

Framlög úr Innviðasjóði til fjárfestinga: 368 milljónir

Framangreind tillaga að rekstraráætlun Vatnajökulspjóðgarðs vegna ársins 2020 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu á almennum rekstri upp á um 60 milljónir sem ætlað er að greiða niður að hluta rekstrarhalla síðustu ára.

Stjórn samþykkir framangreinda tillögu að rekstraráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð vegna ársins 2020. Fjármálastjóra og framkvæmdastjóra er falið að ljúka vinnu við að koma henni inn í áætlanagerfi ríkisins (Akra) og skila áætluninni til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins með bréfi og greinargerð.

10. Gjaldtaka innan Vatnajökulspjóðgarðs - 1905020

Fyrir fundinum lá hvort eigi að gjaldtaka á fleiri svæðum innan VJÞ.

Stjórn þakkar svæðisráðum fyrir umsagnir um greinargerð vegna möguleika á gjaldtöku á fleiri svæðum innan Vatnajökulspjóðgarðs en nú er gert. Stjórn tekur undir með svæðisráðum og telur ekki tímabært að hefja frekari gjaldtöku á þessum tímamarki í formi svæðisgjalda. Að auki ítrekar stjórn þá afstöðu að innviðaupbyggingu sé að mestu lokið varðandi bílastæði, salerni, landvörslu ofl. Þegar gjaldtaka er hafin.

11. Gjaldskrár Vatnajökulspjóðgarðs - 1901001

Fyrir fundinum lá gjaldskrá þjóðgarðsins til umfjöllunar.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs leggur til að gjaldskrá verði að mestu óbreytt á milli árána 2019 og 2020 að því undanskily að bæta þarf við gjaldskrá sérstökum gjaldaliðum vegna innleiðingar á atvinnustefnu.

12. Jökulsárlón-Umsókn um leyfi til siglinga - 1811012

Fyrir fundinum lá niðurstaða UAR vegna kæru Arctic Adventure - til kynningar.

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna stjórnsýslukæru Arctic Adventure vegna ákvörðunar stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs um að synja fyrirtækinu um leyfi til siglinga á Jökulsárlóni. Niðurstaða ráðuneytisins er sú að ákvörðun stjórnar er staðfest og telst hún bæði lögmæt og að ekki hafi verið brotið á kæranda.

13. Burðarþolsrannsóknir innan VJÞ - 1905022

Stjórn óskar eftir að fá inn á fund fræðslu og/eða kynningu um burðarþols- og upplifunarrannsóknir á ferðamannastöðum.

Gestir

Þorvarður Árnason, Rannsóknarsetur HÍ á Hornafirði - 16:30

Þorvarður Árnason kynnti rannsóknir og aðferðafræði við mat á burðarþoli ferðamannastaða.

14. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og Þjóðlendur - 1709003

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála vegna vinnu við stjórnunar og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand.

Gestir

Þorvarður Árnason, Rannsóknarsetur HÍ, Hornafirði - 16:30

Þorvarður Árnason kynnti stöðu vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand og Jökulsárlón. Vinnan gengur vel og eru á ætluð verklok á fyrrihluta árs 2020.

15. Skaftafell - Framtíðarsýn og stefnumótun - 1909031

Fyrir fundinum lá bókun svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs tekur undir með svæðisráði suðursvæðis að mjög brýnt sé að hefja vinnu við framtíðarsýn Skaftafells og nágrennis og að breytt deiliskipulag verði unnið á forsendum þeirrar framtíðarsýnar. Framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði falið að vinna að málinu og sækja um fjármuni til þessa verkefnis.

16. Skaftafell - Umsókn um rekstur matarvagns - 1909013

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Stjórn tekur undir með svæðisráði suðursvæðis og hafnar því að veita leyfi til fyrirtækisins Jökjavagnar ehf. til reksturs matarvagns í Skaftafelli til lengri tíma en út árið 2020.

17. Suðursvæði-Ferjuflug með þyrlu - 1811010

Fyrir fundinum lá beiði um ferjuflug innan þjóðgarðs og bókun svæðisráðs suðursvæðis um það.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs óskar eftir því að þjóðgarðsverðir vinni að tillögu að stefnu um lendingar loftfara innan þjóðgarðsins og leggi fyrir stjórn eins fljótt og möguleg er. Á meðan unnið er að stefnu í þessum málaflokki samþykkir stjórn að veitt sé tímabundið þróunarleyfi á suðursvæði til skipulagðra lendinga á jökli í samræmi við umsókn sem fyrir liggur. Leyfi gildi út árið 2020 og sá tími verði nýttur til að afla upplýsinga um áhrif þyrluflugs á svæðið, ferðaþjónustu og íbúa. Framangreint stefnumörkun verði tengd endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun og innleiðingu atvinnustefnu þjóðgarðsins. Að auki verði haft samráð við Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum til að samræma stefnumörkun á þessu sviði innan friðlýstra svæða.

18. Jökulsárlón og Heinaberg - Umsókn um aðstöðu og leyfi fyrir siglingum - 1909026

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Í samræmi við fyrri afgreiðslur frá svæðisráði samþykkir stjórn að veitt verði áframhaldandi leyfi fyrir aðstöðukerru Iceguide ehf á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019-2020. Stjórn samþykkir einnig að veitt verði áframhaldandi leyfi fyrir aðstöðukerru og siglingu kayaka við Jökulsárlón sumarið 2020.

19. Jökulsárlón - umsókn um stöðuleyfi við Jökulsárlón - 1909021

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs tekur undir með svæðisráði suðursvæðis og hafnar því að veita leyfi til fyrirtækisins Fancy sheep ehf til reksturs matarvagns við Jökulsárlón.

20. Jökulsárlón-Umsókn um rekstur matarvagns - 1909012

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs tekur undir með svæðisráði suðursvæðis og hafnar því að

veita leyfi til fyrirtækisins Nailed It ehf, til reksturs matarvagns við Jökulsárlón til lengri tíma en út árið 2020

21. Jökulsárlón-Umsókn um rekstur matarvagns - 1909011

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs tekur undir með svæðisráði suðursvæðis og hafnar því að veita leyfi til fyrirtækisins Local Langoustine (Heimahumar) ehf, til reksturs matarvagns við Jökulsárlón til lengri tíma en út árið 2020.

22. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu á bílaplani - 1909010

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Í samræmi við fyrri afgreiðslu samþykkir stjórn Vatnajökulspjóðgarðs að veitt verði áframhaldandi leyfi fyrir aðstöðubíl Niflheima ehf á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019-2020.

23. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu á bílaplani - 1909009

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Í samræmi við fyrri afgreiðslu samþykkir stjórn Vatnajökulspjóðgarðs að veitt verði áframhaldandi leyfi fyrir aðstöðubíl Local Guide ehf á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019-2020.

24. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu á bílaplani - 1910007

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs samþykkir að veitt verði leyfi fyrir aðstöðubíl Blue Iceland Suðursveit ehf á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019-2020.

25. Breiðamerkursandur-Framlenging á tímabundnu vetrarakstursbanni - 1909030

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisráðs suðursvæðis.

12. febrúar 2018 var sett tímabundin lokun fyrir vetrarakstri vélknúinna ökutækja á svæði á austanverðum Breiðamerkursandi. Lokunin var í gildi til 30. apríl 2018, og var einnig í gildi frá 12. nóvember 2018 til 30. apríl 2019. Forsendur lokunarinnar eru að um er að ræða viðkvæmt svæði sem hefur komið undan jökli við hop Breiðamerkurjökuls á síðustu árum og er að mestu leyti ósnortið af manna völdum. Á svæðinu er mikil umferð yfir vetrarmánuði í tengslum við Íshellaferðir og jöklagöngur. Akstur á svæðinu utan skilgreindra slóða gæti haft neikvæðar afleiðingar í för með sér þar sem hætta skapast á að varanleg slóð eða för myndist, jafnvel þótt jörð sé snævi þakin og frosin. Hluti hins lokaða svæðis var hulinn jökli 1998 og því hluti Vatnajökulspjóðgarðs frá stofnun hans, en auk þess nær lokunin til svæðis sem bætt var við þjóðgarðinn, með reglugerð nr. 730 þann 25. júlí 2017.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu og stefnt er að hún verði tilbúin í ársbyrjun 2020. Á meðan hún hefur ekki tekið gildi er mikilvægt að vernda svæðið með tímabundnu vetrarakstursbanni.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs staðfestir tillögu svæðisráðs suðursvæðis um tímabundna lokun svæðis á austanverðum Breiðamerkursandi fyrir vélknúnum ökutækjum veturinn 2019 - 2020.

26. Húsnæðismál Vatnajökulspjóðgarðs - 1909022

Fyrir fundinum lá bókun svæðisráðs suðursvæðis.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs tekur undir með svæðisráði suðursvæðis að mikil þörf er á bæta húsnæðismál starfsmanna á því svæði og fleiri svæðum þjóðgarðsins. Frekari umfjöllun er frestað til næsta fundar.

27. Dettifoss - beiðni Hildibrand slf. um leyfi til reksturs veitingavagns - 1909016

Fyrir fundinum lá beiðni um stöðuleyfi fyrir veitingavagn við Dettifoss.

Afgreiðslu frestað. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna um málið.

28. Mannvirkja og gæðafulltrúi VJÞ - 1905021

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um ráðningu mannvirkja- og gæðafulltrúa.

Gengið hefur verið frá ráðningu í starf mannvirkja- og gæðafulltrúa hjá Vatnajökulspjóðgarði og mun nýr starfsmaður hefja störf í byrjun janúar 2020. Alls sóttu 20 manns um starfið. Gunnlaugur Róbertsson var ráðinn í starfið og er hann boðinn velkominn til starfa hjá Vatnajökulspjóðgarði.

29. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 17:30.